



UPPBYGGING Á ÍÞRÓTTASVÆÐI HAUKA Á ÁSVÖLLUM Í HAFNARFIRÐI

Álit Skipulagsstofnunar og viðbrögð

Október 2022



1 Samantekt

Þetta er samantekt á álit Skipulagsstofnunar á umhverfismatsskýrslu, vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á knatthúsi Hauka í Hafnafirði. Það sem Skipulagsstofnun og Hafnafjarðarbær ber ekki saman um er áhrif á fuglalíf og lífríki Ástjarnar, stærð knatthúss, valkostgreininguna og forsendur framkvæmda.

Megin niðurstaðan og athugasemdir **Skipulagsstofnunar** er varðandi eftirfarandi þætti:

- **Nálægð við friðland**

- Mikilvægt er að vandað sé til verka við fyrirhugaðar framkvæmdir þannig þær hafi ekki áhrif á vatnafar eða fuglalíf Ástjarnar.
- Mikilvægt er að ganga ekki of nærri verðmætu og viðkvæmu lífríki friðlands Ástjarnar.
- Verið er að taka mikla áhættu með því að reisa stórt knatthús steinsnar frá viðkvæmri náttúru líkt og ráðgert er verði kostur A valinn. Stofnunin telur að valkost B vera betri kost, með hliðsjón af möguleg áhrifum á Ástjörn og lífríki hennar.
- Ekki er hægt að horfa á berggrunninn undir knatthúsinu sem einn gegnheilan og samfelldan bergmassa. Skipulagsstofnun lýsir yfir áhyggjum af því að farg knatthússins fylgi með sér einhverjar hreyfingar á berginu við sprungur og þar með mögulega breytingu á lekt bergsins sem myndar fyrirstöðu Ástjarnar.

Viðbrögð: Hafnafjarðarbær tekur undir mikilvægi Ástjarnar og umhverfi hennar. Við undirbúning framkvæmda hefur verið lögð áhersla á að bygging knatthússins raski ekki náttúrulegu vatnsyfirborði Ástjarnar, í samræmi við skilmála friðlýsingarinnar. Í umhverfismatsskýrslu tekur niðurstaða mats Hafnafjarðarbæjar mið af því að þar sem ekki verður rask á vatnsyfirborði Ástjarnar hafi framkvæmdir ekki neikvæð áhrif á lífverusamfélag tjarnarinnar.

Jarðtæknirannsóknir sýna að undirliggjandi klöpp sé heil og þétt og stærri holrými ekki sjáanleg. Á þeim forsendum að aðeins er verið að bora í heilt berg og ekki er verið að opna fyrir holrými koma framkvæmdir ekki til með að auka lekt undirliggjandi klappar. Grunnvatn flæðir um sprungur í bergi og sjálfan jarðlagamassan fyrir neðan framkvæmdasvæði. Það að auka ofan á liggjandi álag hefur ekki áhrif á sprungur í bergi eða sjálfan jarðlagamassann og munu því fyrirhugaðar framkvæmdir ekki breyta lekt undirliggjandi jarðlaga.

Mögulega eru umhverfisáhrif valkosti B umfangsminni á lífríki Ástjarnar, en valkostur A. Hins vegar geta áhrif A ekki talist sem umtalsverð neikvæð áhrif.

- **Vatnafar og lífríki Ástjarnar**

- Skipulagsstofnun telur að ekki sé minni óvissa um áhrif valkosti A á vatnafar í samanburði við valkost B.
- Tryggja skal að ofanvatn frá íþróttarsvæði renni ekki í Ástjörn og að mikilvægt sé að vakta ástand tjarnarinnar reglulega og einkum þegar vatnsstaðan er hæst. Stöðva skal framkvæmdir ef visibendingar um mengun.
- Mikilvægt er að kynna mótvægisáðgerðir fyrir verktökum á svæðinu, sem lagðar eru fram af Hafnafjarðarbæ í umhverfismatsskýrslunni, til að fyrirbyggja að mengunarefni berist í Ástjörn.



- Full ástæða er til að sannreyna hvort ný íþróttamannvirki eigi í för með sér efnalosun í vatnið.

Viðbrögð: Hafnafjarðarbær telur áhrif valkosta á vatnafar sambærileg og að áformaðar framkvæmdir séu ólíklegar til að hafa áhrif á flæði grunnvatns og að helsta áhætta á vatnafar sé áhætta á mengun á framkvæmdartíma. Boðaðar áhættuminnkandi- og mótvægisáðgerðir eru settar upp líkt og framkvæmdarsvæðið sé staðsett innan vatnsverndarsvæðis, sem það er þó ekki. Umræddar áðgerðir eru lagðar fram í umhverfismatsskýrslu og verklýsingu í útboðsgögnum og verða þær kynntar fyrir vertökum á svæðinu. Það er því full ástæða til að telja að ólíklegt sé að mengun á framkvæmdartíma berist í Ástjörn.

Hafnafjarðarbær tekur undir með Skipulagsstofnun um að varast beri að ofanvatn af íþróttarsvæði renni í Ástjörnina. Við hönnun hússins var lagt fram að nota drengöng fyrir vatn af þaki hússins sem síast út í jarðveginn aftan við húsið. Niðurföll af bílastæðum og annað mögulega mengað vatn fer ekki þangað niður, heldur verður það tengt við bæjarkerfið. Nánari upplýsingar má finna í viðauka A, við umhverfismatsskýrslu sem er minnisblaði frá Hnit verkfræðistofu. Áðgerðir þessar, sem tilgreindar voru í umhverfismatsferlinu, eru til þess fallnar að stuðla að því að mengun geti ekki borist frá íþróttasvæði í Ástjörn. Áhrifin ættu því að verða óveruleg.

Í umhverfismatsskýrslu er sett fram vöktunaráætlun sem felur í sér að áður en framkvæmdir hefjast verður settur upp grunnvatnsmælir sem mælir vatnshæð Ástjarnar í rauntíma, (sívöktun). Umhverfisstofnun verður tilkynnt ef hæð Ástjarnar fer út fyrir viðbragðsmörk, það er undir 20,0 m y.s. eða yfir 21,0 m y.s., og skal þá fylgjast ítarlegar með framkvæmdum.

Allar áðgerðir og vöktun hafa verið mótaðar með það að leiðarljósi að koma í veg fyrir mengun Ástjarnar.

- **Jarðminjar**

- Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að rask á jarðminjum verði takmarkað eins og frekast er unnt og reynt að halda í þau náttúrulega sérkenni sem fyrir eru á svæðinu.

Viðbrögð: Hafnafjarðarbær tekur undir mikilvægi þess að rask á jarðminjum sé takmarkað eins og frekast er unnt og reynt að halda í þau náttúrulegu sérkenni sem fyrir eru á svæðinu. Við afmörkun á framkvæmdasvæði verður sérstökum hraunminjum hlíft. Með áðgerðum er því dregið úr raski á jarðminjum.

- **Fuglalíf**

- Að mati Skipulagsstofnunar er valkostur B talsvert heppilegri með tilliti til mögulegra áhrif á fugla, þar sem æfingavöllur sé til staðar í dag og felur valkosturinn því ekki í sér framkvæmdir allra næst Ástjörn og veldur því framkvæmdin ekki auknu ónæði næst tjörninni.
- Skipulagsstofnun telur að knatthúsið hafi talsvert neikvæð áhrif á sýn og birtu við Ástjörn og mun mögulega loka á aðflugsleiðir fugla og er valkostur A því síðri með hliðsjón af fuglum heldur en valkostur B.
- Náttúrufræðistofnun bendir á að ekki er ljóst hvernig ýmsir vað- og vatnafuglar bregðist við stóru mannvirki í nágrenni Ástjarnar. Valkostur A þrengir að friðlandinu. Ekki er þó unnt að sjá fyrir um hvort að uppbyggingin hafi varanlega fælingu og þá brotthvarf viðkvæmstu fuglanna eða hvort þeir breyti flugleiðum til og frá tjörninni.



- Óheppilegt er að ekki sé byggt á nýlegri rannsókn um lífríki Ástjarnar en breytingar geta orðið á samfélögum lífvera á tuttugu árum.
- Óheppilegt er ekki sé fylgst með lífríki Ástjarnar og framvinda lífríkis vöktuð.

Viðbrögð: Hafnarfjarðarbær fékk utanaðkomandi fuglafræðingar til að lýsa grunnástandi og mögulega áhrifum á fuglalíf vegna fyrirhugaðra framkvæmdar, þ.m.t. að meta þau gögn sem voru til. Því er matið byggt á áliti sérfræðinga.

Báðir valkostir eru líklegir til að hafa áhrif á fuglalíf við Ástjörn. Ákveðin óvissa er ávallt til staðar í öllum framkvæmdum. Meiri ró og öryggi í umhverfi virðist einmitt felast í valkosti A, þar sem valkostur B felur í sér meiri líkur á auknu ljósi og hávaða inn í friðlandið. Hvorugur valkostur er þó líklegur til að valda varanlegum neikvæðum áhrif á fuglalíf Ástjarnar.

Umfjöllun um áhrif á vað- og vatnafugla í umhverfismatsskýrslunni sem segir m.a. að fjöldi verpandi vaðfulga hafi verið með minna móti eftir uppbyggingu sem var á Áslandshverfinu um aldarmótin, en nú virðist fuglalíf Ástjarn hafa náð sér að mestu.

Hafnarfjarðarbær mun leggja fram tillögu um ákveðna vöktun á lífríki Ástjarnar og að það verði gert í samráði við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands.

• Valkostir og forsendur framkvæmda

- Skipulagsstofnun tekur saman í áliti sínu gagnrýni á fyrirbyggjandi valkostagreiningu þar sem valkostur B virðist ekki í myndinni og ekki sé hægt að meta heildaráhrif af valkosti A (og B) nema valkostur C, fjær friðlandinu hefði einnig verið metinn og farið í raunverulegt mat. Þar sem þetta hefur ekki verið gert er fyrirbyggjandi mat á umhverfisáhrifum verulega ábótavant.
- Einnig telur Skipulagsstofnun að eðlilegt hefði verið að skoða reisa minna hús til æfingar. Skipulagsstofnun ræðir einnig að Hafnarfjarðarbær setur framkvæmdinni þröngar skorður með binda hana við þessa staðsetningu og að setja skilyrði í hönnunarforsendum að mannvirkið nýtist til að spila í efstu deild í knattspyrnu.

Viðbrögð: Í umhverfismatvinnunni hefur Hafnarfjarðarbær verið skýr í því að það er valkostur A sem samræmist þeirri stefnumörkun sem sveitarfélagið hefur unnið að og er sá kostur sem er í samræmi við bæði aðalskipulag og nýlegt deiliskipulag, sem kynnt var öllum hagaðilum og íbúum.

Líkt og kemur fram í umsögn heilbrigðiseftirlitsins, kemur fram í 22 gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana að umhverfismatsskýrsla skuli innihalda „*Lýsingu og mat á raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað og upplýsingar um helstu ástæður fyrir þeim valkosti sem var valinn, með tilliti til umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar,*“

Í umhverfismati er því gerð grein fyrir fyrri hugmynd um uppbyggingu íþróttasvæðisins, valkostur B. Hann er raunhæfur í þeim skilningi að það er tæknilega hægt að byggja knattús á þeirri staðsetningu innan íþróttasvæðis Hauka. Samanburður og umfjöllun um valkost B var að öllu leyti sambærilegur og fyrir valkost A. Þá var einnig horft til samanburðar við núllkost.

Bent skal á það að Hæstiréttur hefur með dómi sínum í máli nr. 22/2009 fallist á að framkvæmdaraðili hafi forræði á því hvaða framkvæmdakostir uppfylli markmið framkvæmdar. Framkvæmdin sem hér um ræður felur í sér uppbyggingu á íþróttasvæði Hauka og taka markmið framkvæmda mið af því. Valkostir um



knattús á öðrum stað, en valkostir A og B, samræmast ekki markmiðum framkvæmdarinnar. Sama á við um hönnunarforsendur sem lagðar eru til grundvallar við þróun og uppbyggingu á íþróttasvæði Hauka. Hönnunarforsendur þessa knattús felst í að vera með keppnisvöll sem uppfyllir viðmið KSÍ, til þess að geta keppt í efstu deild og þarf þá að vera ákveðin hæð á vellinum, stærð á velli og stærð á öryggissvæði í kringum völlinn. Um er að ræða dýr mannvirki og því mikilvægt að þau nýtist sem best.

Niðurstaða

Í umhverfismatsskýrslu eru. Niðurstaða umhverfismatsins sýnir að það er óverulegur munur á umhverfisáhrifum valkosta A og B, og að áhrifin teljist ekki sem veruleg neikvæð áhrif. Þá er í umhverfismatsskýrslu lagðar fram mótvægisáðgerðir og vöktunaráætlun, til að draga enn frekar úr mögulegum áhrifum og fylgjast með þróun umhverfisþátta. Niðurstaða umhverfismatsins gefur því ekki tilefni til að breyta stefnumörkun sveitarfélagsins um uppbyggingu eða hönnunarforsendum knattúss.

Hafnarfjarðarbær mun gera grein fyrir afstöðu sinni gagnvart álit Skipulagsstofnunar og umhverfismatsskýrslu við ákvörðun um leyfisveitingar fyrir framkvæmdum og mannvirkjum.